

# KJARVAL

40%  
afsláttur



599 KR.  
KG.

Móa kjúklingur  
ferskur



898 KR.  
KG.

Ysubitar  
röð- og beintlausir



599 KR.  
STK.

Dönsk  
dósaskinka

25%  
afsláttur



Godá vörur  
Skinka - lifrakæfa - kindakæfa



399 KR.  
PKL.

Cheerios  
397 g



299 KR.  
PKL.

Shop R.  
Devils food kökumix



219 KR.  
STK.

Floridana  
heilsusafi 1 lítri



109 KR.  
PKL.

Ómmu flatkókur  
4 í pakka



259 KR.  
STK.

HD  
Tröuberjasafi



499 KR.  
STK.

Hreinol  
uppvottalögur 2 l.



499 KR.  
STK.

Prif hreinsir  
1,5 l.



299 KR.  
KG.

Klementínur/  
mandarínur

- Þín tilboð í Kjarval -

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

## Þorrablót á Ketilsstöðum

Þorrablót Búnaðarfélags Dyrhólahrepps  
verður haldið laugardaginn 7. febrúar n.k.

Miðpantanir þurfa að berast í síðasta lagi

sunnudaginn 1. febrúar  
fyrir kl. 14.00 í sínum :

4871291 Möggu eða Steina  
5575733 Dóru eða Sindra



Hljómsveitin Granít leikur fyrir dansi.

Þorrablótsnefnd.

## Við leitum að

góðum starfskröftum fyrir  
vorið, sumarið og haustið.

Upplýsingar gefur Æsa,  
Norður-Vík

s: 8672389, [vik@hostel.is](mailto:vik@hostel.is)

Málsháttur vikunnar



OFT VELTIR LÍTIL ÞÚFA  
PUNGU HLASSI

VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)

Ný netverslun -  
[www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi  
um land allt.

5. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 28. JANÚAR 2009

SMÁAUGLYSINGAR

# FLYGILSJÓÐUR MÝRDÆLINGA

stendur fyrir kaffihúsi í Leikskálum, Vík  
laugardaginn 21. mars n.k. frá kl. 13:00 - 17:00.

Á dagskrá verða ýmis tónlistaratriði s. s. kórsöngur,  
hljóðfæraleikur o. fl.

Aðgangur ókeypis, en selt verður kaffi og meðlæti  
til styrktar Flygilsjóðnum. Nánar auglýst síðar.



Stjórnin.



## Gospelnámskeið

**Verður haldið í Vík dagana 27. og 28.  
febrúar og 1. mars.**

**Kennari verður hinn góðkunnni Óskar  
Einarsson. Skráning er hafin.**

Þeir sem hafa áhuga skrái sig, sem fyrst, í síma:

**892 4368 Sif      865 0307 Anna**

**Undirbúningsnefndin**

## Aðalfundur

Aðalfundur 4x3 verður haldinn á Ströndinni  
föstudagskvöldið 30. janúar kl. 20.30

Venjuleg aðalfundarstörf  
Stjórnin



## Samantekt vikuna 20. til 27. janúar 2009 LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 76 mál þessa vikuna á  
Hvolsvelli.

Í vikunni sem leið voru 16 stöðvaðir  
fyrir of hraðan akstur í umdæminu, en sá  
sem hraðast ók var á 132 km hraða.  
Sérstakt átak er nú í gangi vegna  
búnaðar ljósa og hafa ökumenn verið  
stöðvaðir vegna þessa. Ef um er að ræða  
fleiri en eitt atriði geta menn átt von á að  
fá sekt fyrir vanbúnað bifreiða sinna.

Þrjú umferðaróhöpp voru tilkynnt í  
vikunni. Ekið var á brúarhandrið austan  
Klausturs, einnig hafnaði ökutæki á veg-  
riði vegna hállu. Snjósleða var ekið  
fram af barði inni í Landmannalaugum,  
á sunnudag, Hjálparsveit Skáta í  
Reykjavík sem var ekki langt frá fót á  
staðinn. Þyrla var ræst út og flutti hinn  
slasaða á sjúkrahús í Reykjavík.  
Kvarnast hafði upp úr hryggjaliðum

mannsins sem mun að öðru leiti hafa  
sloppið betur en á horfðist. Kona féll í  
sumarbústað og mun hafa slasast á  
hendi, farið úr axlarlið. Þyrla sótti  
konuna og flutti hana til Reykjavíkur á  
sjúkrahús.

Þorrablótin eru hafin en enginn var  
stöðvaður í vikunni grunaður um að  
hafa ekið undir áhrifum áfengis eða  
fíkniefna og erum við ánægðir með það.  
Vonumst við til að menn gæti að sér og  
aki alls ekki eftir að hafa bragðað  
áfengi. Það getur orðið dýrkeypt að aka  
eftir áfengisneyslu en kannanir sýna að  
flest alvarleg umferðarslys verða eftir að  
neytt hafi verið áfengis. Munið að aðili  
sem hefur innprentað hjá sér að aka  
aldrei eftir að hafa fengið sér áfengi  
gerir það ekki. Þetta er bara spurning  
um hugarfar og ábyrgð.

*Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni,  
varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri*

## Slysgildra

Vegurinn í Gatnabrún er oft á tíðum hin  
mesta slysgildra og þá einkum í hállu,  
sem oft myndast á skammri stundu, er  
Vegagerðin þó vakandi við að salta og  
sandbera veginn. Allar beyjurnar í  
brekkunni gera bílstjórum oft lífið leitt  
og mörg umferðaróhöpp hafa orðið  
jafnvel þótt ekki sé hálla.

Þrjú óhöpp hafa orðið í Gatnabrún frá  
því um áramót. Það fyrsta þegar fólks-  
bíll úr sveitinni snerist í hállu og slabbi  
og lenti á vegriði, bíllinn nær ónýtur  
eftir, en slys urðu ekki á fólki.

Þá snerist fólksbíll á hállu í Gatnabrún  
fyrir skömmu og lenti suður af veginum  
einnig á vegriði, skemmdir urðu veru-  
legar og ungi ökumaðurinn af Reykja-  
víkursvæðinu slasaðist talsvert svo

flytja varð hann með sjúkrahús til  
Reykjavíkur.

Þá varð óhapp sl. sunnudag er fólksbíll  
úr Vík lenti á skyndilegri hállu á  
niðurleið, efst í brekkunni, bíllinn snerist  
og lenti inn úr efstu beygjuni, slapp þó  
við veltu og skemmdir á bílnum nema  
eitt dekk affelgaðist. Mildi má telja að  
bíllinn lenti ekki í árekstri við rútu sem  
kom aðvífandi í þessum svifum. En  
þetta fór betur en áhorfðist ogökumaður  
slapp ómeiddur.

Það er trúlega hægt að fá hjá lögregl-  
unni, upplýsingar um umferðaróhöpp  
sem orðið hafa í Gatnabrún. Lagfæring  
vegarins í Gatnabrún er brýnt verkefni  
og væri stórt spor í áttina á vegabótum  
hér um Mýrdalinn, meðan ekki næst  
samstaða eða fjármagn í frambúðar-  
lausn. E.

## Víkirkirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Víkirkirkju í Mýrdal nk. sunnudag, 1. febrúar 2009, kl. 14:00.

Samkór Mýrdælinga syngur. Organisti og stjórnandi er Kári Gestsson.

Ferlingar börn og foreldrar sérstaklega hvött til að mæta.

Sóknarprestur

## Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samverur Kirkjuskólans í Mýrdal

alla laugardaga kl. 11:15 - 12:00.

Haraldur M. Kristjánsson  
Sóknarprestur

Hvað er í  
fjársjóðskistunni?



## Aðalafundur Kvenf. Hvammshrepps

Verður haldinn í Leikskálum þriðjudaginn 3. febrúar kl. 20.30

Venjuleg aðalfundarstörf  
Kosningar  
Önnur mál



Allar konur sem áhuga hafa á að kynna kvenfélaginu eru velkomnar

Stjórnin


### NOKKUR VEL VALIN GULLKORN!!

1. Allar mömmur eru vinnandi mömmur !
2. Þráðlaus mamma....endurhlaðið með faðm-lögum.
3. Föðurstá róar hræðslu, móðurstá þurrkar tár.
4. Móðir skilur það sem barn segir ekki.
5. Föðurstá vermir hjarta barna að elífu.
6. Blessaður er sá maður sem heyrir litla rödd kalla sig pabba.

7. Hvaða maður sem er getur orðið faðir en það þarf alvöru mann til að skipta um bleiu!!
8. Við getum ÖLL leyst vandamál..við eigum jú börn !
9. Guð getur ekki verið allasstaðar, þess vegna... skapaði hann afa og ömmu!
10. Pabbi ræður af því að mamma segir það.
11. Það besta sem við gefum börnunum okkar er tími!




.....

## Nýtt sölugallerí opnar á Korputorgi



Guðrún Sigurðardóttir listakona frá Vík sýnir verk sín ásamt öðru listafólki í nýju 1000m<sup>2</sup> galleríi á Korputorgi í Reykjavík.

Af því tilefni bjóðum við 20% afslátt af öllum olíumálverkum opunarhelgina 31. jan - 1. feb.



Í stað þess að fara hinar hefðbundnu leiðir í leirvinnslu hefur Guðrún þróað sína eigin tækni í meðhöndlun á mold, sandi og vikri. Einnig notast hún við lífræn efni sem hún lætur brenna inn í leirinn. Á síðari árum hefur Guðrún farið út í vinnslu á gleri sem tekur jafn einföld og hrein form í höndum hennar.

Listsmiðja Art2b er með verk eftir listamenn frá Xiamen í Kína. Margir þeirra hafa orðið fyrir sterkum áhrifum frá norrænni náttúru og hafa bæði málað hlutbundin og óhlutbundin verk.



Listsmiðja

www.art2b.is



## Auglýst er eftir upplýsingum um smávirkjanir og áform um nýjar smávirkjanir í Skaftárhreppi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur ákveðið að við endurskoðun á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2012 verði gerð grein fyrir smávirkjunum, allt að 200kW að hámarks afli. Markmiðið er að breyta aðalskipulaginu þannig að það lýsi á fullnægjandi hátt hvar smávirkjanir eru til staðar og um leið að gera ráð fyrir þeim smávirkjunum sem líklegt getur talist að verði byggðar á gildistíma skipulagsins. Í þessari vinnu er mikilvægt að upplýsingar um þær smávirkjanir sem eru til staðar séu sem nákvæmastar. Því óskar sveitarstjórn Skaftárhrepps eftir upplýsingum um allar smávirkjanir sem eru til staðar, hvort sem þær eru í rekstri eða ekki. Staðsetning afkastageta, byggingarár, endurbyggingarár ef við á og upplýsingar um hvort þær séu í rekstri eru meðal upplýsinga sem þurfa að koma fram.

Til þess að fyrirbyggja það að ráðast þurfi í síðari breytingar á aðalskipulagi, óskar sveitarstjórn sömuleiðis eftir upplýsingum um áform um nýjar smávirkjanir. Staðsetning og áætlað hámarksafli eru þá þær upplýsingar sem óskað er eftir. Upplýsingum skal skila til undirritaðs fyrir 16. febrúar 2009

Til nánari fróðleiks um málið er vísað á erindi sem flutt var á aðalfundi raforkubænda í júní 2008. Erindið má nálgast á heimasíðu Skipulagsstofnunar á veffanginu:

[http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/leidbeiningar skipulagsmal](http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/leidbeiningar_skipulagsmal)

Einnig er velkomið að hafa samband við undirritaðan fyrir nánari upplýsingar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps



## Þorrapizza á Systrakaffi

**Föstudaginn 30. janúar** verður opið hjá okkur á Systrakaffi, þar sem við ætlum að bjóða upp á pizzur að gömlum og góðum sið. Sjáumst svo hress og kát á þorrablótí á Klaustri á laugardagskvöldið. **Opnum kl. 18**

**Með þorrakveðju  
Starfsfólk Systrakaffis**

## TRÉÚTSKURÐUR 7-8. FEBRÚAR

**Jón Adolf útskurðarmeistari kemur nú aftur í Vík  
og kennir tréútskurð.**

Námskeiðið er bæði fyrir byrjendur og þá sem hafa reynslu eða farið áður á útskurðarnámskeið.

**Áslaug Halla Vilhjálmsdóttir tekur við skráningum  
og veitir nánari upplýsingar í síma: 487-1163 eða 865-7047**

Handverkshúsið heldur námskeiðið og veitir alla þjónustu í kringum tréútskurð og fleira handverk í verslun okkar í Reykjavík.

**Veitum einnig faglegar upplýsingar um námskeiðið í síma: 555-1212**

## Kirkjan að starfi

Námskeið fyrir sóknarnefndir, starfsfólk og söfnuði Kirkjubæjarklausturs- og Víkurprestakalls verður haldið laugardaginn 7. febrúar frá kl. 13 - 18 á Hótel Klaustri.

Námskeiðið sem heitir *Kirkjan að starfi* er í höndum séra Kristjáns Vals Ingólfssonar verkefnastjóra á helgisíðasviði biskupsstofu. Á námskeiðinu verður fjallað um hin mörgu andlit og fjölbreytilegu störf kirkjunnar.

Upplýsingar og skráning hjá Ingólfi í síma 487-4618 eða 849-7549.  
Skráningarfræstur er til 4. febrúar.

Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur